

24. september 2003

Félagsmála- og jafnréttisnefnd Reykhólahrepps

---

Ár 2003 þann 24. september kom Félagsmála- og jafnréttisnefnd saman til fundar kl. 17:15. Indíana var ekki mætt í fundarbyrjun en sveitarstjóri var mættur auk Bjarkar og Egils.

1) Beiðni um liðveizlu. Farið er fram á liðveizlu tvisvar í mánuði þrjá tíma á dag þegar eru diskótek og opið hús. Enn fremur liðveizlu á meðan á biðtíma stendur, þ.e. frá því að skóla lýkur þangað til skemmtun hefst. (Indíana mætti kl. 17:20). Samþykkt liðveizla tvisvar í mánuði þrjá tíma í senn fram að áramótum. Enn fremur sama tímabil liðveizla á biðtíma þar sem Bergljót Bjarnadóttir býðst til þess að annast liðveizlu á biðtíma á hálfu gjaldi.

2) Kynning á reglum um liðveizlu í Ísafjarðarbæ. Fundarmenn töldu æskilegt að nefndin kæmi sér upp vinnureglum.

3) Önnur mál.

a) Grettislaug. Sveitarstjóri lagði fram yfirlit yfir aðsókn í Grettislaug. Gestafjöldinn var 3.589 sumarið 2002 en 5.024 sumarið 2003. Nefndarmenn lýstu yfir mikilli ánægju sinni með stórauðna aðsókn. Sveitarstjóri lagði enn fremur fram lista unninn af Dísu Sverrisdóttur yfir æskilegar endurbætur á Grettislaug. Egill kynnti enn fremur viðbótarlista. Vísað til fjárhagsáætlunar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18:10.

Björk Bárðardóttir

Egill Sigurgeirsson

Indíana Ólafsdóttir

Einar Örn Thorlacius (ritar)